

Ár 2012, þriðjudaginn 5. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landmælinga Íslands

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Landmælingar Íslands er ríkisstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 103/2006. Heyrir því undir kjararáð að ákveða laun forstjóra Landmælinga Íslands.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 25. febrúar 2011 frá forstjóra Landmælinga Íslands. Í bréfinu er annars vegar farið fram á afturköllun launalækkunar frá árinu 2009 sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Hins vegar var óskað eftir endurskoðun launakjara forstjóra Landmælinga Íslands í samræmi við 8. og 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð.

Með bréfum dagsettum 3. mars 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Landmælinga Íslands, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 29. mars 2011. Í bréfinu er ekki tekin efnisleg afstaða til erindis forstjórans. Í svari umhverfisráðuneytis dagsettu 30. september 2011 segir að ábyrgð, umfang og álag í starfi forstjóra Landmælinga Íslands hafi aukist.

Með bréfi dagsettu 14. október 2011 fékk forstjóri Landmælinga Íslands send svör ráðuneytanna til kynningar. Jafnframt var honum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum.

Með bréfi forstjórans dagsettu 21. október 2011 er gerð grein fyrir auknu umfangi og álagi í starfi forstjórans. Kemur meðal annars fram að með lögum nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar hafi Landmælingum Íslands verið falið nýtt verkefni. Þannig hafi stofnuninni verið falið að innleiða grunngerð landupplýsinga á Íslandi, sem kalli á mikið samráð við fjölmargar ríkisstofnanir, sveitarfélög og ráðuneyti.

III.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð eru Landmælingar Íslands ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Aðsetur Landmælinga Íslands er á Akranesi. Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af stjórnun. Hann fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar. Markmið laganna er að tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland. Fjallað er um verkefni Landmælinga Íslands í 4. gr. laganna. Meðal þeirra er framkvæmd nýrra laga nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar. Markmið þeirra laga er að byggja upp og viðhalda grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum um Ísland. Landmælingar Íslands sjá um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar. Landmælingar Íslands skulu einnig vera stjórnvöldum til ráðgjafar til að skyldum samkvæmt lögum sé fullnægt.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til

almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Með ákvörðun kjararáðs 21. desember 2011 breyttust laun þeirra sem undir kjararáð heyrja, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 og tók sú ákvörðun gildi 1. október 2011.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Landmælinga Íslands, en kjaranefnd ákvað honum laun 10. ágúst 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Kjararáð hefur ákveðið að þær breytingar sem orðið hafa á verkefnum Landmælinga Íslands skuli leiða til fjölgunar mánaðarlegra eininga.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Landmælinga Íslands skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2011 skulu mánaðarlaun forstjóra Landmælinga Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 132, krónur 647.384 frá 1. júní 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 670.042 frá 1. mars 2012.

Frá 1. júní til 30. september 2011 skal að auki greiða forstjóra Landmælinga Íslands 6 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-126, eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal greiða forstjóra Landmælinga Íslands 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Landmælinga Íslands gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson